

Sjálfsmat skóla

Ákvæði um sjálfsmat skóla komu fyrst fram í nýjum [grunnskólalögum](#) sem samþykkt voru á Alþingi árið 1995. Menntamálaráðuneytið gaf tveimur árum síðar út reglur er gilda skyldu um sjálfsmatið eða „[Bláa bæklinginn](#)“ en þar kemur m.a. fram að tíu þættir skólastarfs skuli metnir og tíu skilgreind viðmið sem matið þarf að uppfylla eru sett þar fram. Í bæklingnum kemur einnig fram að skólar hafi „frelsi“ um val aðferðar við sjálfsmat og þeim beri að gefa árlega út svokallaða sjálfsmatsskýrslu, þar sem greint er frá vinnu skólans að sjálfsmati og áætlanir birtar sem feli í sér umbætur á grundvelli sjálfsmatsins.

Náið samspil er milli skólanámskrárgerðar í Öskjuhlíðarskóla og umbótaáætlunar og verið er að finna leiðir til að samræma þessa vinnu.

Hér verða birt gögn er varða vinnu í Öskjuhlíðarskóla að sjálfsmati til upplýsinga fyrir starfsmenn, foreldra og aðra sem áhuga hafa á þessari vinnu:

[Sjálfsmatsskýrsla Öskjuhlíðarskóla 2005](#)

[Umbótaáætlanir 2002 – 2003 og 2003 – 2004 og mat á framkvæmd þeirra](#)

[Umbótaáætlun 2005 – 2006](#)

[Umbótaáætlun 2006 – 2007](#)

[Umbótaáætlun 2007 – 2008](#)